

57

19. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39 16. nóvember 1907 taka til allra, sem dæmdir eru í allt að 1 árs betrunarhúsvinnu. Fjársektardóma má þó ekki skilorðsbinda að því er sektir snertir, nema dæmt sé eftir hinum almennu hegningarlögum eða viðaukum og breytingum við þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til þeirra brota, sem þá eru ódæmd.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.